

Ungsveit SÍ 2023

Hljómsveitarnámskeið Ungsveitar Sinfóníuhljómsveitar Íslands 2023 stendur frá mánudeginum 11. september til sunnudagsins 24. september 2023. Verkefni Ungsveitarinnar að þessu sinni verður Draumórasinfónían eftir **Berlioz** undir stjórn **Nathanaël Iselin**. **Nathanaël** er staðarhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar og hefur átt farsælt samstarf með hljómsveitinni í fjölbreyttum verkefnum af ýmsum toga.

Hljómsveitarnámskeiðinu lýkur með glæsilegum stórtónleikum í Eldborg, Hörpu, sunnudaginn 24. september kl. 17:00.

Prufuspil verða haldin í Hörpu **27., 28. og 29. mars nk.**

Raddæfingar að vori fyrir allar deildir **verða haldnar í Hörpu 11., 12. og 13. apríl nk.**

Tuttiaefingar að vori fara fram 21. og 24. maí í Hörpu.

Allir nemendur þurfa að sækja um til að leika með hljómsveitinni, líka þeir sem spiluðu með síðast. Hægt verður að nálgast umsóknareyðublöð á heimasíðu SÍ frá og með mánudeginum 23. janúar. Umsóknarfrestur er til miðnættis 5. mars.

Umsækjendur fá staðfestingu á að umsókn hafi verið móttokin. **Prufuspilspartar verða sendir út til nemenda í tölvupósti við fyrsta tækifæri eftir að umsókn hefur borist en prufuspilstímar verða sendir öllum umsækjendum eftir að umsóknarfrestur rennur út.**

Sérstök prufuspil verða haldin um stöðu konsertmeistara. Hver umsækjandi þarf að leika fyrsta þátt úr fiðlukonsert nr. 3, 4 **eða** 5 eftir W.A. Mozart, ásamt kadenzu. Leikið er án píanómeðleiks.

Þeim sem **ekki** geta mætt í prufuspilið er bent á að **senda inn myndbandsupptöku með hljóði í góðum gæðum á neðangreint netfang**. Myndbandið á að vera tekið í einni töku. **Ekki er hægt að sækja um konsertmeistarastöðu með innsendu myndbandi.** Dómnefnd getur farið fram á að hljóðfæraleikari sem sendir inn myndband verði látin leika um sæti innan sinnar deildar að hausti.

Nemendum sem standast prufuspil verður boðið sæti í Ungsveit SÍ 2023 og þurfa þeir **við upphaf námskeiðsins að greiða 14.000 kr. skráningargjald sem er óafturkræft.**

Vinsamlegast athugið að Ungsveit SÍ er aðallega hugsuð sem vettvangur fyrir samspil nemenda sem lokið hafa miðprófi hið minnsta. Samkeppni er um sæti í Ungsveitinni og þess vegna er lyklatríði að koma vel undirbúin/undirbúinn til leiks.

Námskeiðið í ár stendur yfir í hálfan mánuð.

Nauðsynlegt er að allir þátttakendur kunnir sínar raddir mjög vel þegar mætt er til leiks á fyrstu æfingu í haust þar sem æfingaáætlun Ungsveitarinnar er mjög þétt. Æfingaáætlun Ungsveitar er unnin í samvinnu við MÍT (Menntaskóla í tónlist) og munu nemendur skólans fá frí til að stunda æfingar Ungsveitarinnar þar sem æfingatími sveitarinnar og stundaskrá skólans skarast. **Þeir nemendur sem taka þátt í starfi Ungsveitarinnar skuldbinda sig til að mæta á allar æfingar hennar. Engin leyfi eru veitt.**

Upplýsingar um Ungsveit SÍ 2023 veitir

Hjördís Ástráðsdóttir, fræðslustjóri

Sími 5452504/8988934

hjordis.astradsdottir@sinfonia.is